

Mál nr. 7/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 10. janúar 2023.
2. Bréf V, dags. 24. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig í málskoti að tjón hafi orðið á tölvubúnaði og rafbúnaði á mjólkurróbót vegna mikilla sveiflna í rafmagni frá X þann 29. september 2021. M telur X bera ábyrgð á tjóninu þar sem hann sé skyldugur til að halda gæðum í sínum kerfum þannig að ekki verði tjón af hjá viðskiptavinum. Vísar M til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 146/1996 þar sem fram komi að raforkuvirki, neysluveitur og rafföng megi ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á eignum manna. Of lág spenna hljóti að vera vegna gáleysis, vanrækslu eða mistaka X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að tjón M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í ljós hafi komið að teinrofi hafi brunnið yfir þann 29. september 2021 með þeim afleiðingum að of lág spenna hélst á kerfinu. Kerfið sé þannig sett upp að liðabúnaður skynjar ekki spennustigið. Engin mannleg mistök hafi verið gerð. Vísar V til 37. gr. reglugerðar nr. 192/1978 þar sem fram komi að ábyrgð X fari eftir almennum skaðabótaæglum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á tölvubúnaði og rafbúnaði á mjólkurróbót í eigu M, en af gögnum málsins má ætla að það hafi skemmst vegna sveiflna í aflstraumi áður en rafmagn fór af þar sem teinrofi hafi brunnið sem leiddi til þess að of lág spenna hélst á kerfinu. Til þess að skaðabótaábyrgð X geti fyrir hendi verður M að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögum. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita að hætta væri á því að teinrofinn myndi brenna yfir og valda lágri spennu á kerfinu eða að viðhald hafi með einhverjum hætti verið vanrækt. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir